

Vigfús Sigurgeirsson (1900-1984), ljósmyndari Akureyri og Reykjavík

Afhending 2021/4

Vigfús Sigurgeirsson fæddist 6. janúar 1900 á Stóruvöllum í Bárðardal og lést 16. júní 1984.

Foreldrar hans voru Sigurgeir Jónsson f. 25. nóvember 1866, d. 4. nóvember 1954, bóndi á Stóruvöllum og Júlíana Friðrika Tómasdóttir, f. 21. júlí 1871, d. 14. júní 1953, húsfreyja.

Vigfús stundaði nám við Gagnfræðaskóla Akureyrar og sótti einkatíma í tungumálum og teikningu. Hann lærði ljósmyndun hjá Hallgrími Einarssyni á Akureyri og seinna kynnti hann sér nýjungar í ljósmyndun í Danmörku og Þýskalandi. Einnig sótti hann námskeið í litljósmyndun. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarskóla Akureyrar og framhaldsnám hjá Emil Thoroddsen og Páli Ísólfsyni og kynnti sér kvikmyndagerð í Þýskalandi.

Vigfús var ljósmyndari á Akureyri frá 1923, starfrækti eigin ljósmyndastofu þar 1927-36 og starfrækti síðan umsvifamikla ljósmyndastofu í Reykjavík. Hann var sérlegur ljósmyndari ráðuneyta og forseta Íslands frá upphafi. Hann tók kvikmyndir í öllum opinberum ferðum forsetanna Sveins Björnssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar, héraðs og erlendis. Hann gerði kvikmyndirnar Stofnun Lýðveldis á Íslandi og Í jöklanna skjóli ásamt kvikmyndum af atvinnuháttum Íslendinga og þjóðlífi frá 1937. Vigfús var auk þess píanóleikari og lék undir fyrir kóra og einsöngvara á Akureyri í mörg ár.

Fyrri kona Vigfúsar var Bertha Þórhallsdóttir f. 15. janúar 1911, d. 16. apríl 1932.

Seinni kona Vigfúsar var Valgerður Magnúsdóttir f. 28. apríl 1912, d. 18. desember 1982.

Afhendingin barst frá Herði Geirssyni á Minjasafninu. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

23. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 4

A-Vigfús Sigurgeirsson

A-Vigfús Sigurgeirsson

1920 - 1932

A	1	1	1920 - 1932	Reikningar (fylgiskj.); leikskrá fyrir íþróttamót KA 16. og 17. júní 1932; auglýsingabæklingur; sálmaskrá (Matthías Jochumsson); póstkort með mynd af Hraunsvatni.
---	---	---	-------------	--